

45. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 23. febrúar 2012, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 09.02.2012

Lögð fram til kynningar.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- a. Sveitarstjóri lagði fram tímaskýrslur frá Teikn á lofti ehf. vegna aðalskipulags Langanesbyggðar. Jafnframt því lagði hann fram bréf frá Skipulagsstofnun þar sem fram kemur að Skipulagsstofnun samþykkir að greiða Langanesbyggð kr. 12.711.000 sem er 50% af kostnaði við aðalskipulagsvinnu Langanesbyggðar.

3. Bréf frá Skipulagsstofnun , dags. 09.02.2012

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Hreyfingunni, dags.07.02.2012

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá iðnaðarráðuneytinu, dags. 08.02.2012

Í bréfinu kemur fram að Langanesbyggð fær styrk að upphæð 1.050.000 kr. vegna verkefnisins Skoruvíkurbjarg – bætt aðgengi.

Sveitarstjórn fagnar þessu og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

Samþykkt samhljóða

6. Erindi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 15.02.2012

Í bréfinu segir m.a.: „Fjármálaráðuneytið áformar að selja efri hæð húseignarinnar að Eyrarvegi 2 og hefur þegar óskað eftir því við Ríkiskaup að eignin verði auglýst til sölu. Ef af sölu verður þarf að ganga frá eignaskiptasamningi milli aðila. Áður en lengra er haldið er spurt hvort sveitarfélagið sjái nokkra meinbugi á því að efri hæð hússins verði seld sérstaklega. Það kemur í hlut verðandi eiganda að óska eftir rekstrarleyfi en ljóst er að atvinnustarfsemi á annarri hæð hússins eru takmörk sett.“

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við að gerðar verði tvær eignir, enda verði sýnt fram á að eignirnar geti verið sjálfstæða með tilliti til brunavarna og fl.

Samþykkt samhljóða.

7. Sala íbúða.

Sveitarstjóri fór yfir sölu íbúða sl. 7 ára

Sveitarstjóri fór yfir að hann hafi rætt við tilboðsgjafa vegna tilboða í eftirtaldar íbúðir og hafi honum borist eftirfarandi móttíloð:

- Pálmholts 9 – Nýtt tilboð er kr. 4.300.000. Samþykkt samhljóða að hafna tilboðinu.
- Pálmholt 13 – Nýtt tilboð er kr. 3.800.000. Samþykkt samhljóða að taka tilboðinu. Jafnframt verði tekið tillit til þess í endurskoðari fjárhagsáætlun.
- Ekki hefur borist móttíloð í Vesturveg 6b.

8. Tilnefning aðal- og varamanns í húsnæðisnefnd.

Samþykkt samhljóða að fresta þessum lið fram að næsta fundi.

9. Afskriftir.

Sveitarstjóri lagði fram lista af kröfum sem ekki er hægt að innheimta.

Samþykkt að afskrifa framlagðan lista, enda hafi allt verið reynt til aða innheimta þessar kröfur.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20.